

- c. Verðbréf sem gefin eru út af ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða af alþjóðastofnunum sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að,
- d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð,
- e. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja,
- f. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds,
- g. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, ef boðið á hinum nýju verðbréfum hefur ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu,
- h. Verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum sínum, eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra,
- i. Verðbréf sem til eru komin vegna breytingar á breytilegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf enda hafi útboðs- eða skráningarlýsing á hinum breytilegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út á Íslandi,
- j. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, sem ekki lúta að hag sjálfra lögaðilanna.

3. gr.

Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækis.

4. gr.

Allar upphæðir í reglum þessum breytast í samræmi við breytingu á skráðu opinberu viðmiðunargengi (kaupgengi) Seðlabanka Íslands á evrópskri mynteiningu (ECU) frá því sem var þann 1. júlí 1993, 81,60 kr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 9/1993, öðlast þegar gildi. Um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs gilda reglur sem stjórn Verðbréfafings Íslands setur. Um fyrsta söludag einstakra útboða gilda reglur sem Seðlabanki Íslands setur.

Viðskiptaráðuneytið, 11. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Páll Ásgrímsson.

AUGLÝSING

um umferð í Stykkishólmi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Stykkishólmi:

1. Austurgata.

Bífreiðastöður eru bannaðar beggja megin götunnar frá Smiðjustíg að Aðalgötu.

2. Tengibraut frá Hafnargötu að Súgandisey.
Biðskylda við Smiðjustíg og hafskipabryggju fyrir umferð um tengibrautina.
3. Lágholt.
Biðskylda við Sundabakka fyrir umferð um Lágholt.
4. Silfurgata.
Biðskylda við þrengingu á götu á mótis við hús nr. 14 fyrir umferð í austur um götuna.
Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. september 1993.

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi, 12. ágúst 1993.

Ólafur K. Ólafsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 274/1993, um veiðar í atvinnuskyni
fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.**

1. gr.

Í stað "þ.a. Eldey 500 lestir" í 1. mgr. 5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar komi: þ.a. Eldey 600 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við mestu brúttóstærð skipa. Fyrir íslensk skip skal fara eftir skrá yfir íslensk skip, útgefinni af Siglingamálastofnun ríkisins, en fyrir erlend skip skal miða við viðurkennda skipaskrá, t.d. Lloyds Register of Shipping eða Norsk Veritas.